

Efni: Umsókn um styrk til umferðarforvarna í grunnskólum og framhaldsskólum

Ég heiti Berent Karl Hafsteinsson og er 75% öryrki eftir lífshættulegt bifhjólaslys vegna ofsaaksturs á Akranesi árið 1992. Í slysinu hlaut ég 47 beinbrot og missti vinstri fótinn neðan við hné og er eftir slysið með mikið skerta hreyfigetu á vinstri hlið líkamans.

Ég varð sjálfur valdur að slysinu með eigin hraðakstri og ég ber alla ábyrgð á afleiðingunum. Ég þakka fyrir það á hverjum degi að hafa ekki slasað eða valdið dauða annarra með minni óábyrgu hegðun, en örskömmu áður var ég með þáverandi kærustu mína, sem þá var 16 ára, aftan á hjólinu og þarf varla að spyrja að leikslokum ef hún hefði lent í slysinu.

Allt frá árinu 2002 hef ég deilt reynslu minni af hraðakstri og afleiðingum þess í fyrirlestrum sem ég hef haldið í grunn- og framhaldsskólum landsins. Fyrst voru fyrirlestrar mínir hluti forvarnarfræðslu VÍS, en frá árinu 2007 hef ég starfað sjálfstætt að forvörnum gegn áhættuhegðun í umferðinni. Ég hef bæði verið styrktur af bæjarfélögum s.s. Akranesbæ og Kópavogsbæ og sótt um og fengið styrki frá ýmsum fyrirtækjum til að heimsækja skóla á athafnasvæðum viðkomandi fyrirtækja og stofnana. Mestmegnis hef ég haldið fyrirlestra á höfuðborgarsvæðinu og þar um kring, en tel ég mig eiga fullt erindi á landsbyggðina. Við vitum það öll að umferðarslys gerast ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðreynd að langflest alvarleg umferðarslys gerast á þjóðvegum úti á landi. Á síðasta ári 2013 urðu t.d. tvö banaslys í minni gömlu heimabyggð Akranesi, annað af völdum ölvunaraksturs en hitt vegna hraðaksturs.

Fyrirlestur minn fjallar einmitt um hvernig við berum ábyrgð á hegðun okkar í umferðinni, á áhættuhegðun eins og hraðakstri og ölvunarakstri og afleiðingum þess. Með þetta fyrir augum reyni ég að ná til krakka sem eru að hefja sinn ökuferil; krakka sem eru á vespu- og æfingaakstursaldri, þ.e. í 10. bekk og fyrsta bekk framhaldsskóla.

Á síðasta skólaári 2013 – 2014 heimsótti ég 35 grunnskóla (67 tíundu-bekki) og ræddi við 1.350 – 1.650 nemendur og framtíðar ökumenn í þeim. Fyrirlesturinn minn er frá 80 – 120 mínútur, eða tvær – þrjár kennslustundir, og skiptist í 60 - 80 mín glærusýningu og 20 - 40 mín umræðutíma. Ég sýni krökkunum hvernig lífið mitt var fyrir slys, lífið á spítalanum og hvernig það er núna. Ég merki glæurnar mínar skýrt og greinilega með merki fyrirtækis/stofnunar sem styrkir mig það skiptið og tek það fram strax í upphafi fyrirlestursins í boði hvers fyrirlesturinn er. Ég skil einnig eftir spurningar fyrir bekkina eftir fyrirlesturinn þar sem ég spyr meðal annars hvort viðkomandi nemandi hafi tekið eftir því hver styrkti fyrirlesturinn. Einnig fæ ég staðfestingarblað og umsögn frá kennurunum/stjórnendum skólanna sem ég hef skilað inn til styrktaraðila minna svo hægt sé að sjá hvernig fjármununum er varið.

Að jafnaði eru 2-5 tíundu-bekkir í hverjum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og 1-3 á landsbyggðinni. Ég ræði við hvern bekk fyrir sig og reikna kostnað á hverja kennslustund kr. 12.500 á höfuðborgarsvæðinu og kr. 15.000 á hverja kennslustund á landsbyggðinni.

Meðfylgjandi eru sýnishorn af umsögnum nemenda og kennara í 3 skólum sem ég heimsótti á síðasta skólaári.

Nokkur af þeim fyrirtækjum sem ég var í samstarfi við á síðasta skólaári: Norvík, Síminn, Alcoa Fjarðaál, Ikea, Toyota, Elkem, Stjörnugrís, Tengi, Húsasmiðjan og World Class.

Á liðnu skólaári var einnig í samstarfi við 11 Sveitar og Bæjarfélög. Nokkur af þeim Sveitarfélög og Bæjarfélög sem ég var í samstarfi við á skólaárinu 2013 – 2014 voru Mosfellsbær, Árborg, Akranesbær, Garðabær, Stykkishólmsbær.

Auk þess má hafa samband við tengiliði mína í eftirfarandi fyrirtækjum:

Trausti Gylfason öryggisstjóri Norðuráls sími 430-1000 netfang trausti@nordural.is

Sævar Freyr Þránínsson forstjóri Símanns sími 550-6000 netfang saevarf@siminn.is

Gísli Jón Magnússon fjármálastjóri Kaupás sími 458-1000 netfang gmj@norvik.is

Geir Sigurpáll Hlöðversson framkvæmdarstjóri umhverfis og öryggissviðs Alcoa Fjarðaál.

Sími 470-7900 netfang geir.hlodversson@alcoa.com

Þess má einnig geta að talsvert hefur verið fjallað um slys mitt og afleiðingar þess í fjölmiðlum s.s. í Kastljósi á RÚV, Íslandi í dag á Stöð 2, Morgunblaðinu

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1024839/>, DV http://timarit.is/view_page_init.jsp?issld=194579&lang=fo

Skessuhorni, Forvarnarblaði VÍS.

Ég heimsótti grunnskóla í Hafnarfirði í samstarfi við Rio Tinto Alcan á skólaárunum 2010 – 2011 og 2011 – 2012. Þar heimsótti ég nemendur í 10 bekkjum í þeim og fræddi þau um hvað ber helst að varast í umferðinni.

Ég heimsótti 1 grunnskóla í Hafnarfirði á síðasta skólaári. Það var Lækjarskóli sem ég heimsótti með hjálp bílaumboðsins Toyota

Tveir grunnskólar í Hafnarfirði hafa óskað eftir að fá mig í heimsókn til þeirra á þessu skólaári 2014 – 2015. Þetta eru Lækjarskóli og Víðistaðaskóli. Halla deildastýra í Lækjarskóla og Edda deildastýra í Víðistaðaskóla hafa báðar tékkað á hvort ég komist til þeirra á þessu skólaári.

Fyrir síðasta skólaár sótti ég um styrk hjá Actavis og Rio Tinto Alcan fyrir að heimsækja nemendur 10 bekkja í grunnskólum í Hafnarfirði. Þessi tvö stóru og öflugu fyrirtæki sem eru staðsett í Hafnarfirði sáu sér ekki fært um að styrkja mig. Bílaumboðið Toyota var til í að styrkja mig í að heimsækja einn grunnskóla í Hafnarfirði á síðasta skólaári.

Ég verð því miður að leita annað en til þessara fyrirtækja eftir stuðningi fyrir að heimsækja nemendur í 10. bekkjum í ykkar grunnskólum á þessu skólaári.

Í þeim 7 grunnskólum ykkar sem eru með unglingadeild eru samtals 16 tíundu bekkir.

Víðistaðaskóli er með 3 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.75.000

Lækjarskóli er með 2 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.50.000

Öldutúnsskóli er með 2 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.50.000

Hvaleyrarskóli er með 2 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.50.000

Setbergsskóli er með 2 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.50.000

Áslandsskóli er með 2 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.50.000

Hraunvallaskóli er með 3 tíundu bekki. Kostnaður við fræðslu er kr.75.000

Áætlaður kostnaður við umferðarforvarnir mínar í þessum 7 grunnskólum er kr.400.000

Mín fræðsla mundi kosta kr. 50.000 í hverjum grunnskóla. Þannig mundi ég gefa

Hafnarfjarðarbæ afslátt sem nemur fræðslu í 2 tíundu bekkjum eða kr. 50.000.

Þá mundi heildar kostnaður með afslætti við mína fræðslu kosta Hafnarfjarðarbæ kr. 350.000.

Ég mundi koma með reikning og staðfestingarblað fyrir hvern grunnskóla sem ég heimsæki fyrir sig. Og svo mundi ég senda á ykkur þær umsagnir frá þessum skólum um leið og ég fæ þær í hús. Þannig getið þið séð hvernig kennurum og nemendum fannst að fá mig í heimsókn til sín.

Ef af eitthverum ástæðum að ákveðnir grunnskólar í Hafnarfirði vilja ekki þiggja mína fræðslu fyrir sína nemendur í 10.bekkjum þá lækkar styrkupp hæðin sem nemur fræðslu í tilteknum grunnskóla. **Með öðrum orðum, rukka ég bara fyrir þá grunnskóla sem ég heimsæki á ykkar vegum.**

Þess má til gamans geta að Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes vildu semja við mig til þriggja skólaára í senn. Ég heimsæki nemendur í 10.bekkjum í grunnskólum í þessum bæjarfélögum á skólaárunum 2013-2014, 2014-2015 og 2015-2016. Í samstarfi við þessi bæjarfélög fræði ég þessa tilvonandi ökumenn um hvað ber helst að varast í umferðinni.

Undirritaður, Berent Karl Hafsteinsson kt. 210671-4049, sækir hér með um styrk að upphæð **kr. 350.000** til umferðarforvarna í grunnskólum í Kópavogsbæ kostnaður á kennslustund er **kr. 12.500** (fjöldi skóla 7, fjöldi bekkja 16, fjöldi fyrirlestra 16, fjöldi kennslustunda 32), á skólaárinu 2014-2015.

Berent Karl Hafsteinsson
sími 898-9479
bennikalli@gmail.com